




Björn Birnir sýnir afrakstur frá dvöl sinni við Indiana State University á síðasta ári: DV-mynd GVA

Listhúsið Vesturgötu 17

„Myndir af sandinum“

Á laugardag opnar Björn Birnir, yfirkennari málaraeildar Myndlista- og handiðaskóla Íslands, sýningu á málverkum í Listhúsi, Vesturgötu 17. Sýningin nefnist „Myndir af sandinum“, 19 verk máluð með akrýllitum á striga og olíu á pappír. Björn Birnir nam hér heima, í


Bandaríkjunum og í Kaupmannahöfn. Listamaðurinn hefur haldið margir einkasýningar, bæði heima og erlendis, en á þessari sýningu er uppistaðan afrakstur Björns frá dvöl hans við Indiana State University á síðasta ári en þar dvaldist hann sem gestalistamaður.

Norræna húsið:

Guðrún og Sigrún

Á laugardag verður opnuð í sýningarsal Norræna hússins sýning á verkum Guðrúnar Gunnarsdóttur og Sigrúnar Eldjárn.

Guðrún sýnir vefnað og verk unnin



Guðrún sýnir vefnað og verk unnin úr handunnum pappír en Sigrún sýnir málverk máluð með olíulitum á striga.

úr handunnum pappír. Verkin eru byggð á hugmyndum sem eru sprottnar af frumstæðri list og hrjóstrugri náttúru landsins. Þetta er fjórða einkasýning Guðrúnar en að auki hefur hún tekið þátt í fjölmörgum samsýningum á Íslandi, Norðurlöndum, Bandaríkjunum, Japan og Ungverjalandi. Guðrún hefur unnið við textilhönnun síðan árið 1976 en síðast liðin ár einungis við hönnun værdarvoða fyrir Álafoss. Þá hefur hún starfað við stundakennslu við Myndlista- og handiðaskóla Íslands.

Sigrún sýnir málverk máluð með olíulitum á striga. Myndefnið er form og litir úr náttúrunni, ásamt fólki og sköpunarverkum þess. Þetta er áttunda einkasýning Sigrúnar. Auk þeirra hefur hún tekið þátt í fjölmörgum samsýningum heima og erlendis. Margir þekkja graffikmyndir hennar en þær hafa m.a. verið sýndar á samsýningum félagsins Íslensk graffik og í Gallerí Borg. Sigrún semur líka barnabækur og myndskreytir þær auk þess sem hún myndskreytir bækur annarra höfunda. Á næstunni kemur út nýjasta bók Sigrúnar hjá forlaginu og heitir hún Axlabönd og bláberjasaft.


Sýning Guðrúnar og Sigrúnar verður sem fyrr segir opnuð á laugardag kl. 15. Hún stendur til 14. október og er opin daglega milli kl. 14 og 19.

Hótel Ísland:

„Rokkað á himnum“

Á laugardag frumsýnir Hótel Ísland eldhressa sýningu með söng, leik og dansi, byggða á gullöld amerískra rokksins 1954-64. Kjarni sýningarinnar er um 70 sigild topplög frá gullöld rokksins, en inn á milli fléttast dálítil saga um sálina hans Jóns og gullna liðið, sem rokkar á himnum; Elvis Presley, Buddy Holly, Roy Orbison og fleiri fallnar hetjur rokksins.

Eins og í góðri sögu hrekkur Jón



Björgvin Halldórsson, Helena Jónsdóttir og Björn G. Björnsson.



Kjarni sýningarinnar er um 70 sigild topplög frá gullöld rokksins.

upp af í byrjun leiks og við fylgjumst með ferðalagi þíunnar hans, sem leggur af stað með sálartetrið (á kassettu) í átt til himna. Hún er staðráðin í að koma Jóni í gullna liðið, hvað sem það kostar. Á vegi hennar verða bæði englar og djöflar og ástin gengur eins og rauður þráður í gegnum sýninguna, sem lýkur á því að gullna liðið stígur fram og rokkar á himnum!

Rokkað á himnum er eftir Björgvin


Halldórsson og Björn G. Björnsson. Söngvarar auk Björgvins eru Eva Ásrún Albertsdóttir, Eyjólfur Kristjánsson, Karl Örvarsson, Sigríður Beinteinsdóttir og Stefán Hilmarsson. Jon Kjell-Seljeseth stjórnar rokkhljómsveit sem samanstendur af Stjórninni og fleirum. Dansarar eru 12 en danshöfundur er Helena Jónsdóttir. Leikstjóri er Björn G. Björnsson og sögumaður er Sigmundur Ernir Rúnarsson.

Ísafjörður: Valgarður sýnir smámyndir í Slunkaríki

Á laugardag opnar Valgarður Gunnarsson smámyndasýningu í Slunkaríki á Ísafirði. Myndirnar eru unnar á samansaumaðan pappír með blandaðri tækni og viðfangsefnið útsaumaðar figúrur í grunnnum fleti.

Valgarður stundaði nám við Myndlista- og handiðaskóla Íslands 1975-79 og framhaldsnám við Empire State College í New York 1979-81. Hann hefur haldið nokkrar sýningar bæði hér heima og erlendis og einnig tekið þátt í fjölda samsýninga.

Sýningin stendur til 14. október.



Myndir Valgarðs eru unnar á samansaumaðan pappír með blandaðri tækni.

Listasafn Borgarness:

Ásgerður Búadóttir

Á laugardag verður opnuð á vegum Listasafns Borgarness sýning á verkum Ásgerðar Búadóttur, en hún á rætur að rekja til Borgarness þar sem hún fæddist og foreldrar hennar bjuggu um árabil.

Þetta er fyrsta sýningin á verkum Ásgerðar úti á landi en hún hefur haldið sjö einkasýningar í Reykjavík, auk þátttöku í samsýningum þar og víða um heim. Á síðastliðnu sumri átti Ásgerður verk á sýningunni NordForm 90 í Malmö, opinberri farsýningu Íslenskrar listar um Bretland og á sýningunni Color and Form í Washington D.C. í Bandaríkjunum.

Sýningin í Listasafni Borgarness stendur frá laugardeginum 29. september til sunnudagskvölds 21. október og er opin alla virka daga.



Ásgerður sýnir nú í fyrsta skipti í Borgarnesi en þangað á hún rætur sínar að rekja.